

Kæru foreldrar/forráðamenn

Skólastjórnendur hafa síðustu daga unnið að skipulagi skólastarfs vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í okkar samfélagi. Starfsfólk hefur í dag unnið að útfærslum í sínum árgöngum og faggreinum.

Húsnæði skólans hefur verið skipt upp í kennsluhólf (*sjá mynd*) og hefur hver starfsmaður fengið úthlutað kennsluvæði innan hólfis til að starfa á næstu vikur. Þannig fer enginn á milli hólfá á meðan þetta fyrirkomulag stendur yfir. **Rauðar** tölur eru hólf, **bláar** tölur inngangar í hólf.

Skólanum er skipt í 5 hólf, sjá mynd.

Hólf 1: Yngrastigs gangur

Hólf 2: Miðstigs gangur

Hólf 3: Eldrastigs gangur + 6. bekkur

Hólf 4: Tjarnarsalur

Hólf 5: Stjórnendarymi

Riddaragarður



Skóladagurinn í Stóru-Vogaskóla verður með þessum hætti:

Hver nemandi skal fá 3 kennslustundir á dag í skólastarfinu. Nemendur sinna heimanámi að meira mæli og fá efni sent með sér heim. Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega á þeim tíma sem þeim er settur. Nemendur fara beint inn í stofu án þess að hafa samskipti.

Öll kennsla skal fara fram í sömu stofu og þess vegna er engin list- og verkgreinakennsla, skólaíþróttir og sund eða sérgreinakennsla í sérstökum stofum. Umsjónarkennari sér um kennslu síns bekkjar.

Kennsla skal vera eftir bekkjum sem hér segir:

- 1. 4. og 6. b. **Mæta kl. 8:00-10:00.**
- 2. 5. og 7. b. **Mæta kl. 8:15-10:15.**
- 3. og 8. b. **Mæta kl. 8:30-10:30.**
- 9. b. **Mætir kl. 8:45-10:45.**
- 10. b. **Mætir kl. 9:00-11:00.**

Hóparnir eiga ekki að hittast þegar einn hópur fer heim og annar kemur í skólann. Ef foreldrar vilja halda börnum sínum heima gera þeir það en láta skólann vita og fylgjast með námi barnsins á Mentor. Við hvetjum foreldra að huga að því að börn leiki ekki milli árganga eftir skóla, til að koma í veg fyrir krosssmit.

Matsalur skólans er lokaður nema fyrir frístundarbörn. Nemendur mega taka með sér vatnsbrúsa og nesti í nestisboxi meðan á samkomubanni stendur, taka svo afganga/umbúðir aftur heim.

Mjólkuraskrift fellur niður á meðan á samkomubanni stendur.

Mikilvægt er að gæta hreinlætis, að nemendur séu snyrtilegir og þrifalegir til fara, **MUNUM EFTIR HANDÞVOTTI.**

Gert er ráð fyrir að nemendur nýti bjargir og tækni sem er til staðar heima. Umsjónarkennari í samstarfi við greinakennara þar sem við á, gefur nemendum daglega námskilaboð. Hvort heldur í daglegri kennslustund eða með rafrænum leiðum utan daglegrar kennslustundar og taldar eru heppilegar hverju sinni. Miðað er við að nemendur fái heimanám (heimavinnu). Að auki eru nemendur hvattir til að hreyfa sig, fræðast (lesa bækur og blöð, horfa á fræðsluefni) og sinna skemmtilegum áhugamálum heima.

Frístund

Starfsemi Frístundar er skert og stendur yfir frá lokun kennslu til kl. 14:00 í heimastofu hvers árgangs. Starfsemin er fyrir þá nemendur sem þegar eru í Frístund. Ekki er heimilitt að færa nemendur milli stofa.

Við hvetjum foreldra sem nýta sér Frístund að hafa börn sín heima ef því er við komið. Nemendur Frístundar fá hádegisverð í Tjarnarsal, einn bekkur í einu. Gengið inn í Tjarnarsal. Nemendum er hleypt út sér í hverri stofu þannig að hópar hittast ekki í skólahúsnæðinu. Frístund getur farið með hópa út á skólalóð en haldi hópum samt aðgreindum.

Frístundasími: 855-6225

Skólabíll

Skólabíllinn sinnir akstri en verður á sér áætlun.

Foreldrum er óheimilt að koma inn í skólabygginguna meðan á samkomubanni stendur. Vinsamlega virðið það. Sendið frekar tölvupóst á viðkomandi starfsmann eða hringja.

Við þökkum ykkur fyrirfram fyrir skilning á þessum fordæmalausu aðstæðum sem kalla á þessa framkvæmd og væntum góðs samstarfs milli skóla og heimilis við þessar sérstöku aðstæður.

Bestu kveðjur

Skólastjórnendur